

Framboð í stjórn verkalýðsfélagsins Hlífar.

Nú verður kjörseðlum fljótlega dreift til þeirra rúmlega 3000 félagsmanna Hlífar sem eru á kjörskrá. Með fylgir kynningarefni fyrir framboðin sem eru til stjórnar Hlífar. Við í C-listanum hvetjum félagsmenn Verkalýðsfélagsins Hlífar til að taka þátt og kjósa. Þetta er í fyrsta skiptið síðan 1982 sem kosning um stjórn í félaginu fer fram. Bæði er mikilvægt að félagsmenn hafi skoðun á málefnum síns félags og taki þátt í að móta framtíð þess. Blikur eru á lofti í verkalýðsmálum, má þar sem dæmi taka aukna hörku atvinnurekenda í garð verkafólks og breytingar á réttindum verklýðsfélaga og verkafólks í kringum SALEK-samkomulagið. Tökum höndum saman og snúum vörn í sókn. Endilega finnið C-listann á Facebook fyrir meiri upplýsingar.

Stefnuskrá C-listans til framboðs til stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar

1. Grunnlaun sem verkafólk hefur duga ekki til framfærslu. Þessi smánarlaun verður að hækka. Framfærsla ætti ekki að miðast við heildarlaun með yfirvinnu, vaktaálögum og bónusum heldur taxtalaunin.
2. Auka samráð, gagnsæi og lýðræði í félaginu. Einn maður – eitt atkvæði. Formaður á að leiða félagið, setja fram stefnu þess sem kosið er um og fylgja henni svo eftir. Félagar þurfa að vera upplýstir um gang mála og allt á að vera uppi á borði.
3. Stefna að auknu félagsstarfi innan félagsins. Leiðir til þessu eru að:
 - a. Deildaskipta félaginu og hafa ársfundi fyrir hverja deild þar sem félagið er skipað verkafólki á ólíkum starfsvettvangi.
 - b. Virkja félagsmenn til þátttöku í starfi félagsins. Hvetja þá til að mæta á félagsfundi og með því að leita sem víðast eftir félögum til að starfa í nefndum félagsins.
 - c. Virkja og hjálpa trúnaðarmönnum að halda árlegan vinnustaðafund sem þeir hafa rétt á samkvæmt almennum kjarasamningum.
 - d. Auka og auðvelda lýðræðið innan félagsins.
 - e. Nota samfélagsmiðla sem samræðuvettvang innan félagsins.
4. Stefna að meiri samvinnu með öðru verkafólki á Íslandi og erlendis. T.d. að þeir sem starfa innan stóriðjugeirans hafi samstarf með öðru verkafólki innan þess geira, bæði í Starfsgeinasambandi Íslands og þar sem því er viðkomið. Stefna að meiri samvinnu við IndustriALL Global Union (Regnhlífasamtök verkalýðsfélaga í málmiðnaði).
5. Vert er að athuga að í því SALEK samkomulagi sem verkalýðshreyfingin er að vinna að með Samtökum Atvinnulífsins er verið að samþykkja að hækka laun hlutfallslega með prósentugildi en ekki fastri hækkun í krónum. Það þýðir að þeir sem þegar eru á lægstu töxtunum fá þá hækkun í krónum sem þegar hefur verið samið um en þeir herra launuðu munu fá mun meira. Það er stefna að með SALEK verði stofnað þjóðhagsráð á næsta ári þar sem sérfræðingar ætla sér að ákveða launahækkanir verkafólks. Það er afturför og skerðir í raun samningsfrelsi verkalýðsfélagana.
6. Auðvelda framboð í félaginu með því að fækka fjölda meðmælenda úr 100 niður í 30 og lengja frest til að safna undirskriftum. Breyta þeirri reglu að félagar þurfi að leggja fram fullan lista til að fara í framboð og leyfa framboð einstaklinga í þau embætti sem þeir hafa áhuga á. Það er mikið heillamerki ef félagsmenn hafa skoðanir á starfi síns verkalýðsfélags og eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að bæta félagið og veita sitjandi stjórn aðhald. Seinast var kosið í Hlíf árið 1982.
7. Vinna að jafnrétti félagsmanna. Félagið samanstendur af fólki af ýmsum uppruna og báðum kynjum. Til að ná sem mestri samstöðu meðal félagsmanna þarf að passa upp á

jafnan rétt þeirra allra. Athuga hvort ekki sé orðin ástæða til að ráða pólskumælandi starfsmann á skrifstofu Hlífar og þýða heimasíðu félagsins á bæði ensku og pólsku.

8. Athuga hvort ekki þurfi að ráða framkvæmdastjóra fyrir Verkalýðsfélagið Hlíf og auka faglega þekkingu og vinnubrögð innan þess.

The policy of the C-list

1. The minimum wages in Iceland are not high enough to be able to support yourself or your family. This has to change. The minimum wages need to be raised and you should be able to afford living off of your base salary without overtime, shifts or bonuses.
2. Increase communication, transparency and democracy in the union. One person – one vote. The chairman of the union is supposed to lead it, put forward a course that is voted on and then follow that course. Union members need to be kept informed on development of matters and all information should be visible for members.
3. We would like to increase activity in the union. Ways to do that are:
 - a. Organize the union into sections and each section should have it's own annual meeting. This is needed as the union is composed of members from different fields of work.
 - b. Mobilize members to participate in the work of the union by trying to get as many as possible to work in committees and attend the union meetings.
 - c. Mobilize and help union representatives to have an annual meeting at their workplace which is their right according to agreements on the labour market.
 - d. Increase and make democracy more common within the union.
 - e. Use social media as a way of communication within the union.
4. Aim for more cooperation with other workers in Iceland and abroad. F.e. those who work in heavy industry could work more with workers in that industry both within SGS (Federation of workers unions in Iceland) and other places where cooperation is needed. Our union should also cooperate more with IndustriALL Global Union.
5. It should be noticed that the framework agreement that the unions and employers are working on is called SALEK. This agreement says that the wages increases should be based on percentage rather than a specific increase in kronas. This means that those who already have fair wages will get a higher raise in wages than those who have lower wages. In the SALEK agreement it says that a board of specialist is supposed to be formed next year to decide how much workers should increase in wages. This is a major setback and is a blow to the freedom of the unions.
6. Make it easier for members to get elected for posts within the union by decreasing the number of signatures needed from union members from 100 down to 30. The time candidates have to gather signatures needed should be longer than 7 days. Change the rule that members need to fill out a full list of candidates when running for the board of the union. Individuals should be allowed to get elected. It is a good sign if members of the union are interested and willing to have opinions on the affairs of their union and willing to put an effort to change the union and make the sitting board accountable by practicing democracy. The last election in the Union of Hlíf was in 1982.
7. Work on increasing equality in the union. The union is a collection of individuals from different nationalities and of both genders. To get as much of solidarity as possible amongst the members it is necessary to make sure everyone has equal rights. It could be that the union has to hire a Polish speaking person to its office and translate its homepage to English and Polish.
8. It is possible that the Union Hlíf needs to hire a director to run the office and increase professional knowledge and procedures.

Deklaracja programowa C-listy do kandydowania do zarządu związku zawodowego Hlífar

1. Wszyscy sobie zdają sprawę że obecne dochody ludzi pracy nie są wystarczające do życia.
Te niskie pensje muszą być podwyższone i utrzymanie nie może być zależne od nadgodzin pracy tylko od wynagrodzenia podstawowego.
2. Trzeba zwiększyć współpracę, przejrzystość spraw i demokrację w związku zawodowym. Jeden człowiek – jeden głos. Przewodniczący ma zarządzać związkiem, decydować o programie związku poddawane go do głosowania i podać w myśl tego programu.
3. Dążyć do lepszego wykonywania pracy związkowej.
4. Dążyć do lepszej współpracy z innymi robotnikami z Islandii i za granicą.
5. Ważne jest, aby pamiętać, że na umowę Salek, nad którą ruch związkowy pracuje, była zgoda całego ruchu robotniczego, na podwyższenie pensji procentami a nie zwiększona liczba dodatkowych koron.
6. Ułatwić kandydowanie w związku, zmniejszyć liczbę popierających kandydata ze 100 na 30 i przedłużyć czas zbierania podpisów.
7. Pracować nad równymi prawami związkowców. Związek składa się z mężczyzn i kobiet różnej narodowości. Zwrócić uwagę czy nie istnieje potrzeba zatrudnienia pracownika mówiącego po polsku do biura Hlífar żeby przetłumaczyć stronę internetową na polski i angielski język.

Zwrócić uwagę czy nie istnieje potrzeba zatrudnienia menadżera dla związku zawodowego Hlíf.